

GJALDSKRÁ

gatnagerðargjalda á Akureyri.

1. gr.

Almenn heimild.

Af öllum lóðum og mannvirkjum á þeim og eftir atvikum af viðbyggingum við eldri hús, hvort sem um er að ræða eignar- eða leigulóðir, skal greiða gatnagerðargjald eftir því sem nánar segir til um í gjaldskrá þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

2. gr.

Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

Lóðarhafi, eða eftir atvikum byggingarleyfishafi, ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds samkvæmt gjaldskrá þessari til bæjarsjóðs Akureyrar.

3. gr.

Ráðstöfun gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, sem felur m.a. í sér greiðslu kostnaðar við undirbyggingu gatna og tilheyrandi fráveitulagnir, lagningu bundins slitlags, götulýsingu, gerð gangstétta, stíga og umferðareyja, umhverfisfrágang, brúargerð og önnur umferðarmannvirki.

4. gr.

Grunnur gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald skv. 1. gr. reiknast annars vegar út frá lóðarstærð og hins vegar út frá fjölda og gerð íbúða á lóð eða leyfilegri stærð húss skv. skipulagi:

Notkun lóðar / húsgerð:	Lóðarhluti	Húshluti
Íbúðarlóðir:		
1) Einbýlishús	2.200 kr./m ²	1.500 þús. kr./ hús
2) Par- og tvíbýlishús	2.200 kr./m ²	750 þús. kr./ íbúð
3) Raðhús, 1 hæð	2.200 kr./m ²	375 þús. kr./ íbúð
4) Raðhús, 2 hæðir	2.200 kr./m ²	250 þús. kr./ íbúð
5) Fjölbýlishús	2.200 kr./m ²	180 þús. kr./ íbúð
Lóðir til annarra nota:		
6) Aðrar lóðir	1.650 kr./m ²	2.200 kr./m ² húss
7) Frístundahús, gripahús	1.100 kr./m ²	2.200 kr./m ² húss

Til flokks 6, „Aðrar lóðir“, teljast allar iðnaðar- og athafnalóðir, lóðir og hús á miðbæjar- og miðsvæðum, svo og á stofnana- og þjónustulóðum, þ.m.t. lóðir og hús þar sem eru bæði íbúðir og atvinnuhúsnæði. Húshluti gjaldsins í flokkum 6 og 7 reiknast ávallt af leyfðri stærð húss skv. nýtingarhlutfalli eða hámarksstærð sem kveðið er á um í deiliskipulagi.

5. gr.

Heimildir til frávika.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gatnagerðargjöld skv. 4. gr. fyrir tiltekin svæði eða lóðir með tilliti til sérstakra staðbundinna aðstæðna.

Bæjarstjórn getur ákveðið að af tilteknum lóðum/reitum í miðbæ, þar sem gert verður sérstakt átak til uppbyggingar, verði gatnagerðargjald eingöngu reiknað af flatarmáli bygginga og að gjald á fermetra verði allt að 15% af byggingarkostnaði á fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis, sbr. 3. gr. laga nr. 17/1996.

Bæjarstjórn getur ákveðið gatnagerðargjald í þeim tilvikum þegar einstakar byggingar eða mannvirki falla ekki undir ákvæði gjaldskrár þessarar.

Hafi bæjarstjórn ákveðið frávík frá 4. gr. skal þess getið sérstaklega í auglýsingu.

6. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Fjárhæðir gjalda skv. 4. gr. miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í febrúar 2006, sem er 325,2 stig, og breytast mánaðarlega til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á henni.

7. gr.

Greiðsla gatnagerðargjalds.

Greiða skal gatnagerðargjald skv. 4. gr. innan mánaðar frá dagsetningu tilkynningar til lóðarhafa um úthlutun lóðar, ella fellur úthlutunin sjálfkrafa úr gildi án sérstakrar tilkynningar.

Sé lóð ekki byggingarhæf við úthlutun skal greiða helming gatnagerðargjaldsins innan mánaðar frá dagsetningu úthlutunar til lóðarhafa og eftirstöðvar gjaldsins skulu greiðast innan mánaðar frá því lóð telst byggingarhæf. Óski lóðarhafi að hefja framkvæmdir áður en lóð telst byggingarhæf skal gatnagerðargjald greiðast að fullu fyrir útgáfu byggingarleyfis.

Bæjarstjórn getur ákveðið þrengri tímamörk en að framan greinir fyrir greiðslu gatnagerðargjalds og skulu þeir skilmálar þá koma fram í auglýsingu um úthlutun viðkomandi lóðar eða byggingarréttar.

Þegar byggt er á lóð í einkaeign sem ekki er úthlutað af hálfu Akureyrarbæjar skal allt gatnagerðargjaldið greiðast í tengslum við veitingu byggingarleyfis.

8. gr.

Endurnýjun byggingarleyfis.

Hafi byggingarleyfi fallið eða verið fellt úr gildi, en áður greitt gatnagerðargjald ekki verið endurgreitt, skal við endurnýjun byggingarleyfisins greiða gatnagerðargjald skv. gildandi gjaldskrá að frádregnu áður greiddu gatnagerðargjaldi, verðbættu í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar en án vaxta.

9. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.

Ef lóðarhafi skilar lóð eða úthlutun lóðar er afturkölluð, ber að endurgreiða gatnagerðargjald af viðkomandi lóð. Heimilt er að fresta endurgreiðslunni þar til lóðinni er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði.

Ef byggingarleyfi fellur eða er fellt úr gildi eða er ekki nýtt af lóðarhafa, skal endurgreiða gatnagerðargjald sem greitt hefur verið vegna þeirrar framkvæmdar sem leyfið tók til. Frestur til endurgreiðslu er þá 1 mánuður frá því að hennar var krafist.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt með verðbótum í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar en án vaxta.

10. gr.

Niðurrif, endurbygging og flutningur húsa.

Ef hús á leigulóð í eigu Akureyrarbæjar er fjarlæggt, það brennur eða er rífið, er lóðarhafa heimilt að byggja á henni aftur ef hann sækir um byggingarleyfi innan tveggja ára. Byggi hann lóðina að nýju reiknast ekki gatnagerðargjald nema íbúðum sé fjölgað frá því sem var eða nýtingarhlutfall hækkað.

Þegar hús er flutt af lóð og byggingarleyfi veitt fyrir því á annarri lóð skal greiða gatnagerðargjald af hinnu nýju lóð skv. 4. gr.

11. gr.

Viðbyggingar.

Ef stækkun íbúðarhúss felur í sér fjölgun íbúða, skal við veitingu byggingarleyfis greiða gatnagerðargjald af hverri viðbótaríbúð skv. húshluta 4. gr.

Af viðbyggingum á lóðum sem falla undir 6.- 7. tl. 4. gr. reiknast ekki gatnagerðargjald ef greitt hefur verið áður af lóðinni skv. gjaldskrá þessari eða gjaldskrá frá 3. apríl 2001 og viðbygging felur ekki í sér hækkun á leyfðu nýtingarhlutfalli.

Af viðbyggingum á lóðum sem falla undir 6.- 7. tl. 4. gr. og falla ekki undir 2. mgr., skal við veitingu byggingarleyfis greiða gatnagerðargjald skv. húshluta 4. gr., 6. eða 7. tl. eftir því sem við á, þ.e. hafi áður verið greitt af lóðinni skv. gjaldskrá þessari eða gjaldskrá frá 3. apríl 2001, reiknast gjaldið í samræmi við hækkun á leyfðu nýtingarhlutfalli; annars reiknast það af raunflatarmáli viðbyggingarinnar.

12. gr.

Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld.

Samningar um gatnagerðargjöld sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Akureyrarbæ fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar um gatnagerðargjöld sem bæjaryfirvöld hafa sett fyrir þann tíma og lóðarhafi eða lóðareigandi undirgengist, halda gildi sínu.

13. gr.

Lögveðsréttur.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í lóð og fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla.

14. gr.

Samþykkt og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar í samræmi við lög um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996 og öðlast hún gildi þegar í stað. Við gildistöku þessarar gjaldskrár fellur úr gildi eldri gjaldskrá frá 3. apríl 2001.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar, 25. apríl 2006.

Kristján Þór Júlíusson
bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. maí 2006